

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1268  
komudagur 10. 2. 2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. febrúar 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, 351. mál**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Samtökin fagna því að lagt hafi verið í þá vinnu að semja frumvarp til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. SA eru hlynnt því að gerðar séu auknar kröfur til rekstrarfélaga verðbréfasjóða, en þó ber að varast að leggja það miklar takmarkanir á viðskipti að hamlað geti uppbyggingu fjármálamarkaðar að nýju. SA telja mikilvægt að innlend löggjöf um framangreinda sjóði sé sambærileg við löggjöf nágrannaríkjanna eins og lagt er upp með í frumvarpinu.

Þar sem að hér er um flókna löggjöf og að hluta til er verið að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins er mikilvægt að vanda vel til verka og forðast alla tæknilega ágalla og misvísandi hugtakanotkun. Í þessu sambandi vilja SA vekja athygli á athugasemdum sem fram koma í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja til viðskiptanefndar um ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins